

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands

Þriðjudaginn 1. október 2024 klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Bergur Jónsson (BJ), Olgeir Olgeirsson (OO), Ingólfur Elíasson (IE), Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS), Sigrún Agata (SA),

Þar sem þessi fundur kom nokkuð óvænt inn í dagskrá sambandsins þá var fundargerð fundarins 17. September ekki tilbúin og því verða lagðar fram á Slack svæði stjórnar tvær fundargerðir til skoðunar og samþykktar fyrir næsta fund.

Tekin voru fyrir erindi Skautafélags Reykjavíkur og Skautafélags Akureyrar sem bárust sambandinu eftir atvik sem áttu sér stað bæði í leik og eftir að leik lauk milli SA og SR 28. September síðastliðin.

Þar sem bæði erindin fjalla um sömu atvik var ákveðið að steypa umræðu um þessi erindi saman í eitt.

Stjórnin ræddi þetta mál frá ýmsum hiðum. Olgeir Olgeirsson yfirgaf fundinn áður en umræður voru tæmdar. Þar sem annarsvegar er um að ræða ásakanir um rasísk ummæli og hinsvegar ásakanir um líkamsárás í anddyri Skautahallarinnar á Akureyri. Þá ákvað stjórnin að senda frá sér yfirlýsingu til að undirstrika almenna afstöðu sína.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að hann væri komin í samband við Lilju Guðmundsóttir sáttamiðlara sem er einn reyndasti sáttamiðlari landsins með það í huga að koma á sáttaferli á milli félaganna sem deila með aðkomu stjórnarinnar. Stjórnin samþykkti að vinna í að fá félögin inn í sáttaferli og einnig var ákveðið var vísa báðum erindum félaganna til aganefndar sambandsins til úrlausnar.

Formaður skýrði frá því að boðsbréf hefði verið sent á bæjarstjórn Hafnarfjarðar og ÍBH vegna væntanlegs fyrsta leiks Fjölnis við Skautafélag Hafnarfjarðar.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir því að vera leystur undan störfum sem formaður aganefndar. Það hlutverk hafði hann haft með höndum í nokkurn tíma áður en hann var ráðin sem framkvæmdastjóri. Hlutverk framkvæmdastjórans er að vinna fyrir hreyfinguna í heild og sem slíkur samrýmist starf formanns aganefndar illa við það markmið. Árni Geir Jónsson fyrrum formaður ÍHÍ og aganefndarmaður var tilbúin að taka við nefndinni og var því Viðar leystur frá skyldum sínum sem formaður aganefndar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.